

Fjallabyggð



## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fjallabyggð

### 1. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt samþykkt nr. 84/2010 um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð.

### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Gjald dagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

### 3. gr.

Sorphirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæði	46.130 kr. í sorphirðugjald
Frístundahús (á skipulögðum frístundasvæðum)	23.065 kr. í sorphirðugjald

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt grátt sorphilát fyrir óflokkað sorph, eitt grænt sorphilát fyrir endurvinnanlegt sorph, eitt brúnt sorphilát fyrir lífrænan úrgang sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

### 4. gr.

Fyrirkomulag móttöku á endurvinnslustöð í Fjallabyggð er sem hér greinir:

Í upphafi árs er úthlutað einu klippikorti á íbúð (16 klipp, 4 m<sup>3</sup>) og sumarhús (8 klipp, 2m<sup>3</sup>) sem afhent eru í þjónustuveri Ráðhúss Fjallabyggðar á Siglufirði. Notendur þurfa að framvísa klippikortinu til að komast inn á endurvinnslustöðvar í Fjallabyggð. Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða kaupa sér kort.

Klippt verður fyrir gjaldskyldan úrgang á meðan tekið verður á móti ógjaldskyldum úrgangi án greiðslu. Skilt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á endurvinnslustöðina hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan varning er að ræða.

Hvert klipp er upp á 0,25m<sup>3</sup> sem samsvarar 240ltr. heimilistunnu. Ef kort klárast er hægt að kaupa aukakort á kr. 12.640,-.

Rekstraraðilar geta keypt klippikort í þjónustuveri Ráðhússins á Siglufirði á kr. 30.730,- sem inniheldur 16 klipp fyrir 0,25m<sup>3</sup> eða samtals 4 m<sup>3</sup>.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald frá íbúðum og sumarhúsum, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt þann 1.12.2020 af bæjarstjórn Fjallabyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þann 01.01.2021. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1183/2019 fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

*Fjallabyggð, 16. desember 2020*

A blue ink signature of Elías Pétursson, written over a horizontal line. To the right of the signature is the official logo of Fjallabyggð Bæjarstjóri, which includes a coat of arms and the text 'Fjallabyggð Bæjarstjóri'.

*Elías Pétursson*  
*bæjarstjóri*